

Stofnsamningur Héraðsnefndar Þingeyinga bs.

I. Nafn, heimili og verkefni

1. gr.

Byggðasamningur heitir Héraðsnefnd Þingeyinga bs. Heimili þess og varnarping er í Þingeyjarsýslu. Byggðasamningur er stofnað í samræmi við ákvæði IX. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 138, 2011.

Stofnendur Héraðsnefndar Þingeyinga bs. eru sveitarfélögin Langanesbyggð, Norðurping, Skútustaðahreppur, Svalbarðshreppur, Tjörneshreppur og Þingeyjarsveit.

2. gr.

Merki Þingeyjarsýslu skal vera merki Héraðsnefndar Þingeyinga bs.

3. gr.

Verkefni byggðasamlagsins er að annast yfirstjórn og rekstur eftirtalinnna stofnana og verkefna fyrir hönd sveitarfélaganna sem aðilar eru að byggðasamninginu:

- Almannavarnir skv. lögum um almannavarnir nr. 82/2008.
- Náttúruverndarnefnd skv. lögum um náttúruvernd nr. 60/2013.
- Menningarmiðstöð Þingeyinga skv. skipulagsskrá sjálfseignarstofnunarinnar.
- Eignarhald og rekstur $\frac{3}{4}$ hluta Þingeyjar í Skjálfafljóti skv. afsali 15/6 1962.

Einnig skal byggðasamningur annast yfirstjórn og rekstur þeirra stofnana og verkefna sem því kann að verða falið síðar samkvæmt sérstakri samþykkt allra sveitarstjórna aðildarsveitarfélaganna. Þá skal byggðasamningur láta sig skipta sveitarstjórnarmál sem varða héraðið sem heild og tillögur um hvað eina sem verða má héraðinu til gagns.

II. Stjórnskipulag

4. gr.

Sveitarstjórnir aðildarsveitarfélaganna skulu eigi síðar en 15. júlí á því ári sem kosið er til sveitarstjórna tilnefna fulltrúa í fulltrúaráð Héraðsnefndar Þingeyinga bs. til fjögurra ára í senn þannig að

- Sveitarfélög með allt að 250 íbúa tilnefna 1 fulltrúa og jafn marga til vara
- Sveitarfélög með 251 – 750 íbúa tilnefna 2 fulltrúa og jafn marga til vara
- Sveitarfélög með 751 – 1500 íbúa tilnefna 3 fulltrúa og jafn marga til vara
- Sveitarfélög með 1501 og fleiri tilnefna 6 fulltrúa og jafn marga til vara

Íbúafjöldi miðast við íbúatölu 1. janúar fyrir sveitarstjórnarkosningar.

Kjörgengir í fulltrúaráð Héraðsnefndar Þingeyinga bs. eru aðalmenn í sveitarstjórnnum. Jafn margir varafulltrúar skulu tilnefndir úr hópi aðal- og varamanna í sveitarstjórn.

Fulltrúaráð Héraðsnefndar Þingeyinga bs. setur stofnunum og verkefnum samþykktir eftir því sem við á, og skal þar kveðið á um markmið þeirra og hlutverk.

Fulltrúaráð Héraðsnefndar Þingeyinga bs. skal koma saman til fyrsta fundar eftir hverjar sveitarstjórnarkosningar eigi síðar en 30. júlí. Oddviti fjölmennasta aðildarsveitarfélagsins skal boða fulltrúaráð saman til fyrsta fundar, setja fundinn og stjórná honum uns formaður fulltrúaráðs hefur verið kjörinn.

Fulltrúaráð kýs sér formann og varaformann úr eigin hópi til fjögurra ára á fyrsta fundi eftir sveitarstjórnarkosningar. Formaður stjórnar fundum fulltrúaráðs. Fulltrúaráð kýs fundarritara úr sínum hópi eða ræður sérstakan fundarritara. Formaður skal sjá um að fundargerðir séu skipulega færðar, þar sem m.a framkomin mál skulu skráð og hvaða afgreiðslu þau hljóta.

Sérstök framkvæmdastjórn sem skipuð skal framkvæmdastjórum aðildarsveitarfélaganna ber ábyrgð á verkefnum byggðasamlagsins gagnvart aðildarsveitarfélögunum og fulltrúaráðinu á milli funda þess.

Að fenginni heimild fulltrúaráðs er framkvæmdastjórn heimilt að ráða starfsmann byggðasamlagsins sem skal starfa með framkvæmdastjórninni og bera ábyrgð gagnvart henni.

Fulltrúaráð skipar stjórnir fyrir stofnanir og verkefni sem falla undir byggðasamlagið.

5. gr.

Fulltrúaráð Héraðsnefndar Þingeyinga bs. skal halda tvo reglulega fundi á ári. Ár hvert skal halda vorfund eigi síðar en 15. maí og haustfund eigi síðar en 25. október sbr. þó 3. mgr. 4. gr. samningsins. Aukafundi skal halda að beiðni framkvæmdastjórnar eða ef a.m.k þriðjungur fulltrúaráðs óskar þess.

Fundir fulltrúaráðs skulu vera opnir. Til þeirra skal boða með dagskrá með a.m.k. tíu daga fyrirvara, bréflega eða með rafpósti og jafnframt auglýsa í héraði.

Á vorfundi skal eftirfarandi tekið fyrir:

1. Skýrsla framkvæmdastjórnar.
2. Ársreikningar og ársskýrslur þeirra stofnana og verkefna sem falla undir starfssvið byggðasamlagsins.
3. Kosningar sbr. 6. gr.
4. Skipun stjórnar fyrir stofnanir og verkefni.
5. Kosning sérstakra starfsnefnda telji fundurinn þörf á því. Þær skulu starfa á milli funda og fjalla um einstök mál sem þeim eru falin af fulltrúaráði byggðasamlagsins.
6. Önnur mál.

Á haustfundi skal eftirfarandi tekið fyrir:

1. Skýrsla framkvæmdastjórnar.
2. Fjárhagsáætlun komandi árs ásamt þriggja ára áætlun.
3. Kosning sérstakra starfsnefnda telji fundurinn þörf á því. Þær skulu starfa á milli funda og fjalla um einstök mál sem þeim eru falin af fulltrúaráði byggðasamlagsins.
4. Önnur mál.

Stk
KPM JOR
EP
Stk

Atkvæðavægi allra fulltrúa skal vera jafnt. Fulltrúaráð getur enga ályktun gert nema meira en helmingur fulltrúa séu viðstaddir á fundi. Ef jafnmörg atkvæði eru með málefni og á móti fellur það en við kosningar ræður hlutkesti.

Fulltrúaráð samþykkir alla meiriháttar samninga sem gerðir eru og teljast ekki til daglegs rekstrar einstakra stofnana eða falla undir verksvið framkvæmdastjórnar samkvæmt samningi þessum.

Kjörnir fulltrúar í sveitarstjórnnum eiga rétt til setu á fundum fulltrúaráðs án atkvæðisréttar, en með málfrelsi og tillögurétt.

6. gr.

Framkvæmdastjórn byggðasamlagsins sem skipuð er framkvæmdastjórum aðildarsveitarfélaganna skiptir sjálf með sér verkum. Formaður fulltrúaráðs byggðasamlagsins boðar fyrsta fund framkvæmdastjórnarinnar.

Framkvæmdastjórnin heldur fundi svo oft sem þurfa þykir og að jafnaði eigi sjaldnar en á tveggja mánaða fresti. Heimilt er þó að fella niður fundi á sumarleyfistíma. Aukafundi skal halda eftir þörfum og skylt er að halda fund óski tveir meðlimir framkvæmdastjórnar eftir því. Formaður framkvæmdastjórnar boðar til fundar og stýrir þeim.

7. gr.

Hlutverk framkvæmdastjórnar byggðasamlagsins er að hafa yfirumsjón með rekstri stofnana og verkefna byggðasamlagsins, eftir atvikum í samstarfi við forstöðumenn þeirra og starfsmann byggðasamlagsins. Stjórnir stofnana ráða forstöðumenn þeirra og gera við þá ráðningarsamninga ásamt starfslýsingu.

Framkvæmdastjórn gerir tillögur að erindisbréfi fyrir stjórnir viðkomandi stofnana eftir því sem við á sem lagt skal fyrir fulltrúaráð til afgreiðslu. Framkvæmdastjórnin starfar á milli funda fulltrúaráðs og undirbýr mál fyrir fundi sem fulltrúaráð felur henni.

III. Fjármál og rekstur

8. gr.

Stjórn hvernar stofnunar eða verkefnis undirbýr fjárhags- og starfsáætlun hvers árs og þriggja ára áætlun og leggur fyrir framkvæmdastjórn eigi síðar en 30. september. Framkvæmdastjórn fjallar um tillögurnar og leggur fjárhags- og starfsáætlanir ásamt þriggja ára áætlun fram til afgreiðslu á haustfundi fulltrúaráðs. Framkvæmdastjórn leggur fram ársreikning á vofundi.

Fundargerðir framkvæmdastjórnarfunda og fulltrúaráðs sem og ársreikningar byggðasamlagsins og stofnana á verkefnasviði þess, skulu sendar aðildarsveitarfélögum til kynningar. Fjárhags- og starfsáætlanir og þriggja ára fjárhagsáætlun skulu sendar aðildarsveitarfélögunum til afgreiðslu eigi síðar en 30. október og teljast þær samþykkar viðkomandi áætlunum hafi þær ekki tilkynnt um annað fyrir 15. desember. Reikningsár byggðasamlagsins er almanaksárið.

Nýti fulltrúaráð heimildarákvæði 4. gr. til ráðningar starfsmanns byggðasamlagsins skal það setja honum erindisbréf þar sem kveðið skal á um réttindi hans og skyldur.

Fulltrúaráð ákveður fyrirkomulag fjármála og bókhalds. Endurskoðun reikninga byggðasamlagsins er í höndum löggilts endurskoðanda sem fulltrúaráð byggðasamlagsins ákveður.

SKA
KPM
EIO
SKA

Sveitarstjórnir og endurskoðendur aðildarsveitarfélaga eiga rétt á aðgangi að öllum gögnum um stjórnarsýslu byggðasamlagsins.

9. gr.

Tekjur byggðasamlagsins eru árleg framlög aðildarsveitarfélaganna samkvæmt fjárhagsáætlun og aðrar tekjur sem til falla. Framlögum skal skipta á grundvelli íbúafjölda aðildarsveitarfélaganna 1. janúar næstliðinn.

Aðildarsveitarfélög skulu greiða þessi framlög skv. fjárhagsáætlun skv. ákvörðun fulltrúaráðs við afgreiðslu fjárhagsáætlunar. Verði vanskil á greiðslum framlags greiðast dráttarvextir af vanskilafénu í samræmi við 32. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga, sbr. III kafli laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu.

10. gr.

Samþykki allra sveitarstjórna aðildarsveitarfélaganna þarf til að ákvarðanir byggðasamlagsins um fjárfestingar, meiriháttar eignabreytingar, ólögbundin útgjöld og skuldbindingar öðlist gildi.

11. gr.

Sveitarfélög þau sem aðild eiga að Héraðsnefnd Þingeyinga bs. bera einfalda ábyrgð á fjárhagsskuldbindingum byggðasamlagsins í sameiningu. Innbyrðis skiptist ábyrgðin í hlutfalli við íbúafjölda 1. desember næstliðins árs, nema annað sé ákveðið varðandi einstök verkefni.

12. gr.

Með samningi þessum er byggðasamlaginu falin öll ákvarðanatataka, þ.m.t. taka stjórnvaldsákvæðana um rétt eða skyldu manna í skilningi stjórnarsýslulaga, nr. 37/1993, vegna þeirra verkefna sem samlagið hefur með höndum og ekki er öðrum falin skv. lögum eða sérstökum samningum um þau verkefni sem undir byggðasamlagið heyra. Er taka stjórnvaldsákvæðana í höndum framkvæmdastjórnar byggðasamlagsins.

Um hæfi framkvæmdastjórnar til þátttöku í meðferð eða afgreiðslu mála þar sem á eða til greina kemur að taka stjórnvaldsákvæðun samkvæmt 2. mgr. 1. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 gilda ákvæði II. kafla þeirra laga, sbr. 20. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Ákvarðanir sem teknar eru á grundvelli samnings þessa, hvort sem um er að ræða ákvarðanir fulltrúaráðs eða framkvæmdastjórnar, jafnvel þótt þær byggi á framsali á valdi til töku ákvæðunar um rétt eða skyldu manna í skilningi stjórnarsýslulaga nr. 37/1993, sæta ekki kærur til aðildarsveitarfélaga.

IV. Úrganga úr byggðasamlagi og slit byggðasamlags

13. gr.

Samning þennan skal endurskoða á eigi sjaldnar en á 5 ára fresti með hliðsjón af reynslu og framkvæmd hans og breyttum aðstæðum. Til þess að breytingar á samningnum öðlist gildi þarf samþykki 2/3 sveitarstjórna aðildarsveitarfélaga, sbr. þó ákvæði 3. gr. um inntöku nýrra verkefna.

Aðildarsveitarfélög geta með tveggja ára fyrirvara sagt upp aðild að byggðasamlaginu. Samhliða getur aðildarsveitarfélag krafist innlausnar á nettó núvirðisreiknuðum eignarhlut sínum í byggðasamlaginu. Rísi ósætti um úrgöngu sveitarfélags úr byggðasamlaginu skal vísa málinu til ráðuneytisins, sbr. 3. mgr. 95. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

gjk
JOP
KPM E 10
SK

Til þess að starfsemi byggðasamlagsins sé hætt þarf samþykki allra sveitarstjórna aðildarsveitarfélaga eða hún hafi verið samþykkt í almennri atkvæðagreiðslu á starfssvæði byggðasamlagsins.

Sé ákveðið að hætta starfsemi byggðasamlagsins skal skipa sérstaka skiptastjórn í samræmi við ákvæði 5. mgr. 95. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

V. Önnur ákvæði

14. gr.

Þar sem ákvæði samþykpta þessara segja ekki til um hvernig með skuli fara skal hlíta ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, svo og öðrum lagaákvæðum er við geta átt.

Stofnsamningur þessi tekur gildi 1. júní 2016 að fenginni staðfestingu ráðuneytisins. Með samningi þessum fellur úr gildi samningur um Héraðsnefnd Þingeyinga frá 29. apríl 2006. Með stofnsamningi þessum yfirtekur byggðasamlagið allar eignir og skuldir Héraðsnefndar Þingeyinga eins og þær eru 31. desember 2015.

Bráðabirgðaákvæði:


Sveitarstjórnir skulu tilnefna fulltrúa til setu í fyrsta fulltrúaráði byggðasamlagsins fyrir 30. apríl 2016 samkvæmt ákvæðum 4. gr. miðað við íbúafjölda 1. janúar 2016.

Þannig samþykkt í Þingeyjarsýslu í maí 2016.

F.h. Langanesbyggðar,



F.h. Norðurþings,



F.h. Skútustaðahrepps,




F.h. Svalbarðshrepps,



F.h. Tjörneshrepps,



F.h. Þingeyjarsveitar,





Skútustaðahreppur
Jón Óskar Pétursson
Hlíðarvegi 6
660 Mývatni

INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólsögðu 7 101 Reykjavík
sími: 545 9000 bréfasími: 552 7340
postur@irr.is
innanrikisraduneyti.is

Reykjavík 10. maí 2016
Tilv.: IRR15070083/18.10.10

Ráðuneytið hefur staðfest meðfylgjandi stofnsamning Héraðsnefndar Þingeyinga bs. sem sveitarfélögin Langanesbyggð, Norðurþing, Skútustaðahreppur, Svalbarðshreppur, Tjörneshreppur og Þingeyjarsveit hafa sameinast um að reka.

Byggðasamlagið er stofnað í samræmi við ákvæði IX. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Ráðuneytinu var sendur undirritaður stofnsamningur með bréfi dags. 4. maí 2016.

Staðfesting ráðuneytisins verður auglýst í B-deild Stjórnartíðinda. Stofnsamningurinn fylgir með auglýsingunni sem PDF-skjal.

Fyrir hönd ráðherra


Hermann Sæmundsson


Stefanía Traustadóttir

Fylgiskj.: Staðfest afrit stofnsamnings
Ljósrit: Auglýsing
Samrit: Langanesbyggð, Norðurþing, Svalbarðshreppur, Tjörneshreppur Þingeyjarsveit og Héraðsnefnd Þingeyinga.

AUGLÝSING

um staðfestingu stofnsamnings fyrir Héraðsnefnd Þingeyinga bs.


Ráðuneytið hefur staðfest meðfylgjandi stofnsamning fyrir Héraðsnefnd Þingeyinga en stofnendur byggðasamlags um Héraðsnefnd Þingeyinga bs. eru sveitarfélögin Langanesbyggð, Norðurþing, Skútustaðahreppur, Svalbarðshreppur, Tjörneshreppur og Þingeyjarsveit.

Byggðasamlagið er stofnað skv. 94. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og er því falið að annast yfirstjórn og rekstur eftirtalinna stofnana og verkefna fyrir hönd sveitarfélaganna sem aðilar eru að byggðasamlaginu:

- Almannaþing skv. lögum um almannaþing nr. 82/2008.
- Náttúruverndarnefnd skv. lögum um náttúruvernd nr. 60/2013.
- Menningarmiðstöð Þingeyinga skv. skipulagsskrá sjálfseignarstofnunarinnar.
- Eignarhald og rekstur ¾ hluta Þingeyjar í Skjálfafljóti skv. afsali 15/6 1962.

Innanríkisráðuneytinu 10. maí 2016.

F .h. r.



Hermann Sæmundsson.



Stefanía Traustadóttir.

Fylgiskjal:
(sjá PDF-skjal)

